

Hagsmunatrygging fyrir íslensk fiskiskip

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra. Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingarsvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingarbóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunnin:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar
- Tegund tjóns
- Dagsetning tjóns
- Dagsetning skráningar í grunninn
- Nafn viðkomandi vátryggingarfélags
- Staðsetningu tjóns
- Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

Hagsmunatrygging fyrir íslensk fiskiskip

1. gr.

Þessi váttrygging er hrein hagsmunatrygging og samþykkir félagið að váttryggður eigi tryggingarhæfa hagsmuni, er nemur því váttryggingarverði, sem ákveðið er í 3. gr.

2. gr. **Hið váttryggða**

Hið váttryggða eru þeir hagsmunir váttryggðs, sem bundnir eru við útgerð skipins.

3. gr. **Váttryggingarverð**

Í byrjun hvers váttryggingartímabils skulu váttryggingartaki og félagið koma sér saman um váttryggingarverðið, en það má þó ekki hærra vera en 1/5 hluti af váttryggingarverði skipins, eins og það er ákveðið samkv. 3. gr. í húftryggingarskilmála.

4. gr. **Það sem bætt er**

Félagið greiðir bætur, þegar algert tjón verður á skipinu, sbr. 20. gr. húftryggingarskírteinisins.

5. gr. **Upphæð tjónabóta**

Ef skipið verður fyrir algeru tjóni, sbr. 20. gr. húftryggingarskírteinisins, bætir félagið hagsmunatjónið með því að greiða váttryggingarverðið.

6. gr. **Viðbótariðgjöld**

Ef félagið á rétt á viðbótariðgjaldi samkv. húftryggingarskírteininu, vegna framlengingar váttryggingarinnar, aukinnar áhættu o.fl., ber því einnig hlutfallslegt viðbótariðgjald vegna þessarar váttryggingar.

7. gr. **Almennt ákvæði**

Hagsmunatrygging þessi er einungis seld með húftryggingu fiskiskipa og um váttrygginguna gilda sömu váttryggingarskilmálar og um húftryggingu fiskiskipa, eftir því sem við á, nema annað sé fram tekið.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.